

Plöntusjúkdómar og meindýr:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	40,00
Umfangsmeyri greiningar á skaðaorsökum	75,00
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og útflutnings plantna	30,00

2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímapörf.

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt, hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. september 1981.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

6. október 1981.

Nr. 584.

REGLUGERÐ
um vistun fanga að Bitru í Hraungerðishreppi.

1. gr.

Að Bitru í Hraungerðishreppi, Árnessýslu, er heimilt að vista kvenfanga.

2. gr.

Fangar skulu sæta þeim kjörum sem reglugerð um fangavist nr. 260/1957 segir til um.

3. gr.

Um vistun kvenfanga að Bitru að öðru leyti gildir sérstakt samkomulag dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og forráðamanns að Bitru gert í október 1981.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. sbr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. október 1981.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.